

um sè veitt borgun sú, sem þér hafið stungið uppá, og felur stjórnarráðið yður, herra stiptamtmaður, og yður háæruverðugi herra, á hendur að semja handa umsjónarmanni þeim, sem settur verður, reglugjörð eins og vera ber.

1866.

4. október.

87. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um verðlaun fyrir að bjarga mönnum úr lífsháska.

6. nóvbr.

Með bréfi dagsettu 24. júlímán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað eptirrit af prófi, sem haldið var í Mýra- og Hnappadalssýslu 25. maímán. þ. á. því til sönnunar, að Theódor Jónsson á Syðri-Hraundal og Sigurður vinnumaður Sigurðsson á Hamri í Mýrasýslu höfðu árið 1864 bjargað tveim mönnum frá að drukna, og hafið þér lagt til með, að þessum tveim mönnum, sem nú voru nefndir, verði veitt hæfileg verðlaun í peningum.

Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörðið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að stjórnarráðið eptir atvikum þeim, sem sannast hafa, hefir veitt áður nefndum tveim mönnum 16 ríkisdala verðlaun hvorum, og mun upphæð sú verða borguð úr jarðabókarsjóði Íslands, þegar þér krefist þess; hefir landfógetanum í dag verið skrifað það sem með þarf í því efni.

88. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgun til umboðsmannsins yfir Arnarstapa umboði fyrir að vera við skoðunargjörð á Íngjaldshóls kirkju.

8. nóvbr.

Í bréfi 8. júlímán. f. á. lét stjórnarráðið amtið meðal annars vita, að Árna Thorlacíus, umboðsmanni yfir Arnarstapa umboði, ekki yrði borgaður reikningur, sem hann hafði sent amtinu, fyrir fæðispeningum og ferðakostnaði hans til að vera viðstaddur

1866.
8. nóvbr.

við skoðunargjörð, er höfð var 7. septembermán. 1864 á Ingjaldshóls kirkju, sem er þjóðeign, af því að hann sem umboðsmaður hefði verið skyldur að vera viðstaddur við skoðunargjörðina, og honum þessvegna ekki bæri nein sérstakleg þóknun fyrir það. Því næst hafði þér, herra amtmaður, sent hingað með bréfi dagsettu 6. aprílmán. þ. á. skjal frá Thorlacíus umboðsmanni, þar sem hann enn á ný sækir um, að sér verði borgaður áður nefndur reikningur, og vekur hann í því skyni athygli á, að jörðin Ingjaldshóll að vísu liggi undir umboð sitt, en að hann aptur á móti hafi engin afskipti af fjárhaldi kirkjunnar, sem þar er, og að það því ekki geti hafa verið sem umboðsmaður, að hann var viðstaddur við skoðunargjörðina.

Nú er skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeild ríkisins um málefni þetta, skal yður kunngjört, til þess að þér birtíð það og gjöríð ráðstafanir þær, sem með þarf, að eptir sönnunum þeim, sem nú eru komnar fram um það, hvernig málefni þessu er varið, heldur stjórnarráðið, að það geti veitt samþykki sitt til, at Thorlacíusi umboðsmanni seu borgaðir fæðispeningar og endurgoldinn kostnaður hans til ferðar þessarar, en þó svo, að reikningur hans, er fylgir með bréfi þessu, sé færður niður í 16 rd. 64 sk., því að honum verða ekki veittir meiri fæðispeningar, en sýslumenn fá fyrir ferðir sínar í opinberum málum, en það er 1 rd. á dag, og í ferðakostnað ekki meira en 70 sk. á dag fyrir hvern hest og 64 sk. á dag handa fylgdarmanni, smbr. jafnaðarsjóðs-reikning vesturumdæmisins fyrir árið 1864. Um leið og þess skal getið, að það á að borga fé þetta af tekjum Ingjaldshóls kirkju, skorum vör á amtið, af því það er mjög svo æskilegt, að sami maðurinn, sem hefir umboð yfir jörðinni, hafi líka fjárhald kirkjunnar, að reyna ef unnt er að fá Thorlacíus umboðsmann til þess að taka líka að sér fjárhald kirkjunnar, eða ef hann færir undan því, að sjá þá að minnsta kosti um, þegar umboðsmanna skipti verða í Arnarstapa umboði, að umboðsmanni þeim, sem skipaður verður, verði gjört að skyldu að takast á hendur fjárhald kirkjunnar án nokkurrar sérstakrar borgunar.